Ferðavenjur framhaldsskólanema á höfuðborgarsvæðinu

Valur Elli Valsson, Daði Baldur Ottósson · EFLA þekkingarfyrirtæki

25. Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar · 6. nóvember 2026

2.225
svör nemenda og starfsfólks í 12 framhaldsskólum

42%
nemenda ferðast sem bílstjóri í skólann

64%
nemenda með bílpróf aka sjálf í skólann

1%
nemenda hjóla í skólann

Samantekt


Framhaldsskólanemar eru fjölmennur ferðahópur sem hefur mikil áhrif á umferð, einkum á haustin, en ferðavenjur þeirra hafa lítið verið kortlagðar.

Vorið 2026 var lögð ferðavenjukönnun fyrir nemendur og starfsfólk í 12 af 13 framhaldsskólum höfuðborgarsvæðisins og bárust 2.225 svör.

Meirihluti nemenda ferðast með bíl sem bílstjóri (42%) og strætó er næstalgengastur (28%). Um 6% nemenda eru samferða og 14% er skutlað. Samtals fara um 9% nemenda gangandi í skólann en aðeins 1% hjólar.


Bílpróf og aðgengi að bíl hafa mest áhrif: 64% nemenda með bílpróf aka í skólann og 89% þeirra sem eiga bíl.

Ferðavenjur nemenda eftir aldri




Mynd 1. Ferðavenjur nemenda eftir aldri. Við bílprófsaldur fjölgar akandi nemendum hratt á meðan notkun á öðrum ferðamátum dregst saman.

Ferðavenjur nemenda eftir framhaldsskólum




Mynd 2. Ferðavenjur nemenda eftir framhaldsskólum. Hlutfall nemenda sem ferðast með bíl er frá 35% upp í 80% eftir skólum og hlutfall þeirra sem taka strætó frá 12% upp í 54%.

Áhrif niðurgreiddra nemakorta í strætó (e. U-pass) á notkun strætó




Mynd 3. Myndu nemendur ferðast oftar með strætó ef strætókort fylgdi skráningu í framhaldsskóla? Um 41% myndu ferðast alltaf eða oftast með strætó.

Áhrif bílastæðagjalda á þá sem aka í skólann



Mynd 4. Áhrif bílastæðagjalda á ferðavenjur þeirra sem aka venjulega í skólann. 53% nemenda segja að gjaldtaka hefði áhrif á ferðavenjur þeirra.

Viðhorf til breytinga á upphafstíma kennslu



Mynd 5. Viðhorf nemenda og starfsfólks til breytinga á upphafstíma kennslu. 54% nemenda vilja byrja skóladaginn seinna.

Ályktanir og tillögur

Bílprófsaldurinn markar vendipunkt – eftir 17 ára aldur fjölgar akandi nemendum hratt og strætónotkun minnkar.

Ferðavenjur eru mjög ólíkar milli skóla og aðgerðir þurfa að taka mið af aðstæðum hvers skóla.

Mögulegar aðgerðir

1. Gjaldfrjálst eða niðurgreitt strætókort (U-Pass)
2. Aukin tíðni og áreiðanleiki almenningssamgangna
3. Bætt aðstaða fyrir hjólandi og fræðsla
4. Hvatning til að ferðast oftar samferða
5. Innleiða gjaldskyldu bílastæða

Tengiliður: Daði Baldur Ottósson · dadi.ottosson@efla.is
Skýrsla: Ferðavenjur framhaldsskólanema á höfuðborgarsvæðinu (EFLA, 2026) · Styrkt af Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar